

Febrúar 2005



# Stefna Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum

- skýrsla vinnuhóps um stefnumörkun í  
erlendum samskiptum Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg

Lokaskýrsla vinnuhóps um stefnumörkun í erlendum samskiptum Reykjavíkurborgar.....	3
Stefna Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum .....	4
Greinargerð.....	7

## Lokaskýrsla vinnuhóps um stefnumörkun í erlendum samskiptum Reykjavíkurborgar

1. febrúar 2005

Í byrjun árs 2004 skipaði borgarstjóri vinnuhóp um stefnumörkun í erlendum samskiptum Reykjavíkurborgar. Hlutverk hópsins var að móta stefnu í erlendum samskiptum með það að leiðarljósi að styrkja stöðu borgarinnar í alþjóðlegu samfélagi, nýta þekkingu og reynslu erlendra samskiptaaðila sem og að miðla reynslu og þekkingu borgarinnar til samstarfsaðila hennar. Helstu verkefni hópsins voru skilgreind þannig í erindisbréfi, sbr. fsk. 1:

1. Að meta núverandi erlend samskipti Reykjavíkurborgar – tilgang og ávinning.
2. Að gera tillögur um áherslur og forgangsröðun í erlendum samskiptum.
3. Að leggja mat á ávinning og kostnað borgarinnar vegna erlendra samskipta í samræmi við nýjar áherslur og forgangsröðun.
4. Að setja fram tillögur um hvernig ákvarðanir um formleg reglubundin erlend samskipti skuli teknar.
5. Að gera tillögur um hvernig staðið skuli að úthlutun fjárveitinga til erlendra samskipta.

Hópin skipuðu:

Árni Þór Sigurðsson, forseti borgarstjórnar, formaður

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi

Helga Jónsdóttir, borgarritari

Ólafur Kr. Hjörleifsson, skrifstofu borgarstjórnar

Anna Guðrún Björnsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Með hópnum starfaði Anna Margrét Guðjónsdóttir, verkefnisstjóri árangursstjórnunar.

Í starfi sínu studdist hópurinn við áfangaskýrslu starfshóps um stefnumótun í erlendum samskiptum, dags. 27.10.2003, en í þeirri skýrslu er m.a. að finna yfirlit yfir reglubundin erlend samskipti Reykjavíkurborgar á árinu 2003. Yfirlitið er hér að finna í fsk. 2 en í fsk. 3 er að finna lista yfir formleg samtök sem Reykjavíkurborg var aðili að árið 2003.

Hópurinn hélt alls 8 fundi og kallaði sviðsstjóra borgarinnar á sinn fund til að fara yfir kostnað og meta erlend samskipti einstakra sviða. Borgarbókhaldi var falið að taka saman heildarkostnað borgarinnar vegna erlendra samskipta á árinu 2003 sbr. fsk. 4. Loks kallaði hópurinn eftir upplýsingum um kostnað vegna erlendra samskipta hjá fyrirtækjum í eigu Reykjavíkurborgar sbr. fsk. 5.

Hópurinn kynnti sér stefnu annarra höfuðborga Norðurlanda í erlendum samskiptum, þar sem hún liggur fyrir, og studdist við þær fyrirmyndir að nokkru marki.

## Stefna Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum

### Leiðarljós

Reykjavíkurborg taki virkan þátt í erlendu samstarfi til að geta betur sinnt verkefnum sínum og styrkja stöðu sína á sviði menningar, stjórnsýslu og atvinnulífs.

### Markmið og leiðir

**1. Reykjavíkurborg tekur þátt í samstarfi við erlendar borgir og samtök til að afla þekkingar og miðla reynslu svo bæta megi þjónustu borgarinnar og styrkja íbúalýðræði og til að gæta hagsmuna sinna á fjölþjóðavettvangi.**

- a) Reykjavíkurborg haldi uppi öflugu samstarfi við höfuðborgir annarsstaðar á Norðurlöndum.
  - Lögð verði áhersla á reglubundin samskipti borgarfulltrúa höfuðborga Norðurlanda einkum á sviði nýsköpunar og þróunar og á einstökum málefnasviðum.
  - Áfram verði áhersla á reglubundið höfuðborgasamstarf Norðurlandanna s.s. um fjármál og starfsmannamál.
  - Kannaðir verði kostir þess að taka upp formleg samskipti við höfuðborgir Eyrstrasaltsríkja í samvinnu við höfuðborgir annarsstaðar á Norðurlöndum.
  - Í samstarfi Norðurlandanna verði stuðlað að gagnkvæmri starfsþjálfun starfsmanna höfuðborganna og jafnframt að samskiptum við starfsmenn höfuðborga Eyrstrasaltsríkjanna.
- b) Reykjavíkurborg leggi áherslu á þátttöku í starfi samtaka Evrópuborga – Eurocities.
  - Metnir verði kostir og gallar þess að auka þátttöku í menningarmálanefnd samtakanna sem og að tengjast fleiri nefndum s.s. félagsmála- og umhverfisnefnd.
- c) Reykjavíkurborg eigi samstarf við utanríkisráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga um hagsmunagæslu á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins.
  - Reykjavíkurborg, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, kanni möguleika og ávinning af því að starfsmenn borgarinnar fari í starfsþjálfun til stofnana ESB og EFTA í Brussel.
  - Reykjavíkurborg vinni að því með Sambandi íslenskra sveitarfélaga að settur verði á laggirnar samráðsvettvangur fyrir sveitarstjórnarstigið innan EFTA.

- d) Reykjavíkurborg verði eftirsóknarverður samstarfsaðili í ýmiss konar verkefnum og miðlun þekkingar.
  - Reykjavíkurborg taki þátt í samstarfsverkefnum sem styrkt eru af Norðurlandaráði og Evrópusambandinu.
- e) Reykjavíkurborg haldi uppi reglubundnu samstarfi við höfuðborgir Færeyja og Grænlands.

## 2. Styrkja ber ímynd borgarinnar og samkeppnishæfni m.a. með þátttöku í erlendu samstarfi.

- a) Borgaryfirvöld vinni að því, á markvissan hátt, að gera borgina sýnilegri og styrkja ímynd hennar.
  - Reykjavíkurborg haldi góðum tengslum við vinaborgir, þ.e. Winnipeg og Seattle sem og samstarfsborgir, þ.e. Moskvu, Peking og Kingston-Upon-Hull.
  - Borgaryfirvöld leitist við að styðja atvinnulíf og félagasamtök í að koma á samböndum í vina- og samstarfsborgum borgarinnar.
  - Stofnanir borgarinnar leiti leiða til að kynna borgina í erlendum samskiptum sínum.
  - Borgaryfirvöld leitist við að laða ráðstefnur og fundi til borgarinnar m.a. í samvinnu við ýmiss hagsmunasamtök í atvinnulífinu.
- b) Borgaryfirvöld vinni að því, á faglegan hátt, að taka á móti erlendum faghópum, þ.e. að þróa þekkingarheimsóknir til borgarinnar<sup>1</sup>.
  - Sérstök áætlun um þekkingarheimsóknir til borgarinnar verði unnin.
  - Kannaðir verði kostir þess að markaðssetja þekkingarheimsóknir í samvinnu við höfuðborgir annarsstaðar á Norðurlöndum. Þá verði einnig leitað eftir samstarfi við sendiráð Íslands erlendis í þessum efnum.
  - Nýttir verði möguleikar EES-uppbyggingarsjóðsins við að kynna og skipuleggja þekkingarheimsóknir til borgarinnar.
- c) Menning verði mikilvægur hluti af erlendu samstarfi borgarinnar til að greiða götu og mynda sambönd, en einnig sem sjálfstætt viðfangsefni.
  - Leggja ber áherslu á menningar- og söguleg tengsl við Winnipeg og Seattle í þágu reykvíssks atvinnulífs, starfsþróunar o.fl.
  - Listamenn sem fá styrk frá Reykjavíkurborg til utanferða verði hvattir til að kynna borgina á ferðum sínum.

---

<sup>1</sup> Enskt heiti "Technical Visits".

**3. Ákvarðanir um erlend samskipti verða skýrar og gegnsæjar og fylgi samþykktum verklagsreglum og leiðbeiningum<sup>2</sup>.**

- a) Reykjavíkurborg leggur áherslu á að erlend samskipti séu markviss og allar ákvarðanir um slík samskipti séu byggðar á þessari stefnu. Ákvarðanir um erlend samskipti séu gegnsæjar og öllum aðgengilegar.
- Útfærsla stefnunnar á hverju sviði fyrir sig skal staðfest af hlutaðeigandi ráði.
  - Áætlaður kostnaður vegna erlendra samskipta og sá tími sem ætla má að verði varið til samskiptanna hvort heldur er héraðs eða erlendis, s.s. þátttaka í ráðstefnum og fundum, komi fram í starfs- og fjárhagsáætlun hvers árs.
  - Formlega aðild að fjölþjóðlegum samtökum ber ávallt að staðfesta í borgarráði.
  - Ákvarðanir um erlend samskipti borgarstjórnar skulu teknar af forsætisnefnd.
  - Kjörnir fulltrúar og starfsmenn Reykjavíkurborgar sem taka þátt í ráðstefnum og/eða fara í kynnisferðir til útlanda miðli þeirri þekkingu sem aflað er til samstarfsmanna eins og kostur er.
  - Upplýsingar um erlend samskipti einstakra málaflokka skulu vera aðgengilegar, s.s. á vef borgarinnar.

---

<sup>2</sup> Sbr. verklagsreglur og leiðbeiningar um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar, dags. 20. nóvember 2003.

## Greinargerð

Erlend samskipti Reykjavíkurborgar hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár sem er eðlileg þróun í starfi höfuðborgar landsins. Samkvæmt yfirliti sem tekið var saman sumarið 2003 á borgin aðild að 22 formlegum samtökum auk þess sem einstakar stofnanir og deildir eiga ýmiss konar samstarf við sambærilegar stofnanir, einkum á Norðurlöndum. Tengslin sem myndast við slík samskipti eru í flestum tilvikum mjög gagnleg þótt þess séu einnig dæmi að af þeim sé lítill ábati eins og fram kom í óformlegri könnun meðal forstöðumanna borgarstofnana sumarið 2003. Markmiðið með stefnumörkun í erlendum samskiptum Reykjavíkurborgar er að skerpa sýn kjörinna fulltrúa, starfsmanna, borgarbúa og samstarfsaðila borgarinnar í erlendum samskiptum og forgangsraða í þeim efnum. Mikilvægt er að beina kröftum og fjármunum í ákveðinn farveg enda hætt við að árangur verði ekki sem skyldi að öðrum kosti. Stefnan sem hér liggur fyrir byggir á hefð, reynslu og mati á helstu sóknarfærum sem í augsýn eru.

### *Samstarf við Norðurlönd*

Tengsl Reykjavíkurborgar við höfuðborgir annarsstaðar á Norðurlöndum eiga sér langa sögu. Reglubundið samstarf hófst árið 1945 þegar fyrsta ráðstefna borgarstjóra höfuðborganna var haldin í Stokkhólmi. Allar götur síðan hafa borgarstjórar Norðurlanda fundað árlega; annað hvert ár um fjármál og hitt árið um starfsmannamál. Ýmsar stofnanir borgarinnar hafa reglubundið samstarf við „systurstofnanir“ á Norðurlöndum og gildir hið sama um embættismenn. Þá er í gildi samkomulag milli höfuðborganna um norrænar höfuðborgarráðstefnur annað hvert ár sem kjörnir fulltrúar sækja og um fundi forystumanna borganna, einnig annað hvert ár. Öll þessi samskipti hafa reynst borgaryfirvöldum gagnleg og er því mikilvægt að viðhalda þeim eins og kostur er.

### *Eurocities*

Eurocities er samstarfsvettvangur um 120 borga í Evrópu en meginmarkið samtakanna er að tryggja að rödd borgarsamfélagsins heyrir á vettvangi Evrópusambandsins og að vinna að ýmiss konar þróunarverkefnum. Aðild Reykjavíkurborgar að Eurocities var samþykkt í borgarráði í febrúar 2002. Frá þeim tíma hefur borgin tekið þátt í starfsemi samtakanna að hluta til, þ.e. með þátttöku í aðalfundi samtakanna, virkan þátt í ACCESS, sem er vettvangur um nýjar leiðir í samgöngumálum og nokkurn þátt í starfi á vettvangi menningarmálanefndar samtakanna. Í áfangaskýrslu starfshóps um stefnumörkun í erlendum samskiptum<sup>3</sup> er að finna minnisblað forseta borgarstjórnar til borgarstjóra um Eurocities og þátttöku Reykjavíkurborgar í starfi samtakanna. Ástæða þykir að beina sjónum enn frekar að þátttöku í samtökunum og er þar einkum horft til umhverfisnefndar annarsvegar og félagsmálanefndar hinsvegar. Nýlega voru samþykktar breytingar á starfi Eurocities og eru vonir bundnar við að með þeim verði starfið á vegum samtakanna enn markvissara, betri nýting verði á fjármunum og mannafla og árangur þar af leiðandi meiri.

### *Evrópusambandið*

Ákvarðanir Evrópusambandsins hafa umtalsverð áhrif á starfsemi sveitarfélaga í landinu einkum lagalega og fjárhagslega. Þetta þýðir auknar kröfur og aukin tækifæri s.s. til þátttöku í ýmsum verkefnum og til að fá styrki á mörgum sviðum. Fyrir á þessu ári skilaði starfshópur

---

<sup>3</sup> Stefnumótun í erlendum samskiptum, áfangaskýrsla starfshóps, dags. 27.10.2003.

utanríkisráðuneytisins um framtíðartilhögun að samstarfi ríkis og sveitarfélaga um EES mál niðurstöðum sínum ásamt tillögum. Fulltrúi Reykjavíkurborgar í starfshópnum var Árni Þór Sigurðsson, forseti borgarstjórnar. Í framhaldi af því hefur Reykjavíkurborg, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, félagsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið ákveðið að láta gera úttekt á kostum þess að hafa samvinnu um rekstur skrifstofu fyrir íslensk sveitarfélög í Brussel og fer sú úttekt fram fyrra hluta árs 2005.

Þau markmið og leiðir sem sett eru fram í stefnunni hér að framan og lúta að EES og ESB byggja á tillögum starfshóps utanríkisráðuneytisins.

#### *Vinaborgir*

Vinaborgasamningur Reykjavíkurborgar og Winnipeg var upphaflega samþykktur af borgarstjórum beggja borga í september 1971. Samningurinn var endurnýjaður í október 1991 og staðfestur af borgarráði í sama mánuði. Samstarfið hefur fyrst og fremst byggst á gagnkvæmum heimsóknum borgarstjóra og sendinefnda með þeim.

Í ágúst 1985 var samþykkt í borgarráði að taka upp vinaborgatengsl við Seattle í Bandaríkjunum og var samningur þess efnis undirritaður af borgarstjórum beggja borga í maí 1986. Samstarfið hefur fyrst og fremst miðast að því að efla viðskiptasambönd á milli fyrirtækja í borgunum tveimur.

Ekki er talin ástæða til að breyta samskiptum við þessar tvær borgir en lögð áhersla á að nýta þau menningarlegu tengsl sem til staðar eru sem dyr að frekari viðskiptum.

Formlegir vinaborgasamningar hafa ekki verið gerðir við Moskvu, Peking og Kingston-Upon-Hull en undanfarin ár hafa þróast vinsamleg tengsl við þessar borgir með reglubundnum gagnkvæmum heimsóknum. Samskiptin við Peking hafa t.d. reynst mjög gagnleg, einkum hvað varðar miðlun þekkingar Orkuveitunnar á nýtingu jarðhita.

Mikilvægt er að halda fjölda vinaborgasamninga innan skynsamlegra marka enda geta umtalsverð útgjöld fylgt slíkum samningum. Því er nauðsynlegt að meta kostnað og ávinning af þeim áður en til þeirra er stofnað.

#### *Vestnorrænt samstarf*

Samningur um samstarfssjóð Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar í Færeyjum var samþykktur í borgarráði í júlí 1999. Samningurinn miðar fyrst og fremst að menningarlegum samskiptum borganna þriggja. Þá hafa borgarstjórar þessara borga ásamt kjörnum fulltrúum og embættismönnum fundað árlega. Umtalsverður kostnaður fylgir þeim fundahöldum og því er lagt til að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að fundirnir verði haldnir annað hvert ár.

#### *Ímynd borgarinnar*

Borgaryfirvöld mörkuðu sér stefnu í ferðapjónustu árið 1997 sem nýlega var endurskoðuð. Fjöldi ferðamanna til borgarinnar hefur aukist mjög mikið undanfarin ár sem og hróður hennar í útlöndum. Mikilvægt er að nýta öll tækifæri sem gefast við að styrkja ímynd borgarinnar enn frekar og nýta til þess ýmsar leiðir – ekki síst í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki.

Undanfarin misseri hefur Aflvaki hf. unnið að því að kanna kosti þess að bjóða upp á þekkingarheimsóknir til borgarinnar. Slíkar heimsóknir miða að því að kynna starfsemi borgarinnar og í sumum tilvikum einnig ýmiss fyrirtæki og stofnanir í borginni. Því er um að ræða útflutning á þekkingu en ekki hefðbundna ferðapjónustu. Hér er lagt til að haldið verði áfram að þróa þekkingarheimsóknir til borgarinnar. Þessi starfsemi er vel þekkt, einkum á Norðurlöndum, og er því hugsanlegt að taka upp samstarf við höfuðborgir þeirra í þessum efnum, einkum við markaðssetningu.



*Aðgengileg og gegnsæ ákvarðanataka*

Reglubundin erlend samskipt fela gjarnan í sér umtalsverðar fjárskuldbindingar fyrir borgarsjóð auk vinnuframlags sem þeim fylgir í flestum tilvikum. Í áfangaskýrslu starfshóps um stefnumótun í erlendum samskiptum Reykjavíkurborgar er m.a. að upplýsingar um með hvaða hætti ákvarðanir um aðild að formlegum samtökum hafa verið teknar. Þar má sjá að ákvarðanir hafa á stundum verið ógegnisæjar og er mikilvægt að bregðast við því. Gert er ráð fyrir að hvert svið útfæri framangreinda stefnu og skal sú útfærsla staðfest af viðkomandi fagráði. Lögð er áhersla á að allar ákvarðanir um erlend samskipti verði málefnalegar og gegnsæjar auk þess sem leitast verði við að þær liggi fyrir við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar ár hvert. Hvert ráð ber ábyrgð á erlendum samskiptum viðkomandi málaflokks og kostnaður sem til fellur vegna þeirra, hvort heldur um er að vegna ráðs eða sviðs, skal rúmast innan fjárhagsramma hvers árs. Erend samskipti sem eiga við um borgarkerfið í heild verða á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra. Umsýsla á erlendum samskiptum borgarfulltrúa sem snúa að borgarstjórn verði á ábyrgð skrifstofu borgarstjórnar eins og verið hefur.

*Árangur af erlendu samstarfi*

Árangur af erlendu samstarfi er ekki alltaf mælanlegur - þetta er ferli þar sem bæði er gefið og þegið en langtímaáhrifin eru tvímælalaust jákvæð. Nauðsynlegt er að endurskoða stefnu í erlendum samskiptum með reglulegu millibili til að tryggja að þau séu í takt við áherslur hverju sinni. Til að fá sem mest út úr erlendu samstarfi er mikilvægt að eiga samstarf við fjölmarga aðila innanlands s.s. opinberar stofnanir, önnur sveitarfélög, ýmiss samtök, háskóla og atvinnulífið.